

Glímusamband Íslands – stjórnarfundur 20.11.2024 kl. 17:30. Haldinn við skrifstofu GLÍ.

Á staðnum:

Guðmundur Stefán Gunnarsson,
Jana Lind Ellertsdóttir,
Óttar Ottósson (ritari).

Á netinu:

Marín Laufey Davíðsdóttir,
Einar Eypórsson.

Forföll:

Ólafur Oddur Sigurðsson.

Fundur settur um kl.17:45.

1. Fréttir úr starfinu:

Guðmundur og Jana Lind voru í gær á fundi með HÍ til að ræða samstarf við þjóðfræðideildina. Stefnt er að samstarfi með svipuðu sniði og við íþróttfræðina.

Gústi og Kristín voru í Reykholti 03.11., þar sem þau sýndu glímu á fjölmenningshátíð.

2. Glímumaður og glímukona ársins:

Farið yfir reglugerð þar um. Stigagjöf ræður, skv. reglugerðarákvæðum. Þórður eða Hákon? Gildir Iceland Open? Öll mót skipulögð af GLÍ telja. Þórður dettur út af styrkleikalista vegna meiðsla, sem koma í veg fyrir frekari keppni. Marín og Hákon eru niðurstaðan.

3. Efnilegasti glímufólkið:

Sandra UÍA?
Þórarinn GFD? Gústaf HSK?
Þórhallur og Matthías koma vel til greina.
Niðurstaða: Sandra og Þórhallur.

4. Eldhugi ársins:

Atli Már, dómari. Bíður til næsta árs.
Kjartan Lár! Ákveðið.

5. Íslandsglíman 2026.

Ósk um að hún verði haldin í íþróttahöll í Búðardal, sem verið er að byggja.
Dálamönnum þykir viðeigandi að Íslandsglíman verði fyrsta keppnin í húsinu.

6. Afrekshópur:

Landsliðsþjálfarar fyrir 2025, 2 fyrir fullorðna og 2 fyrir unglinga:
Óli Oddur og Ingibergur og Ásmundur og Marín.

7. Þrjár umsóknir fyrir dómara í landsliðsverkefni:
Atli, Eva, Kári. Lóa hefur einhvern áhuga en hefur ekki sent inn umsókn.
Foreldri hefur gefið kost á sér sem fararstjóri: Þuríður, GDF. Og Lóa og Jana.
Einar telur þetta bruðl. Minna mætti gagn gera.
Keppendur: Jana hefur lista.
8. WEC
Sonur Erdogans, Tyrklandsforseta, er forseti sambandsins.
WEC býður GLÍ að vera með.
Hagsmunasamtök þjóðlegra fangbragða.
Samþykkt. Jana gengur í að ganga frá umsókn.
9. Beiðni um glímukynningar í Vesturbæ fyrir GKR.
Þjálfarar eru Helgi Bjarnason og Fjölur Elvarsson.
Uppfæra þarf heimasíðu KR, þar sem þjálfarar eru tíundaðir.
10. Einar ætlar að draga sig úr stjórn GLÍ.
11. Fjármál verða rædd á næsta fundi.
GLÍ fær skertan styrk frá ÍSÍ vegna styrks frá ríkinu.

Fundi slitið um kl. 19:15.